

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis.

1. gr.

Almennt.

Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskatt til aðila búsettra erlendis af vörum sem þeir hafa fest kaup á hér á landi að uppfylltum skilyrðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

Skilyrði endurgreiðslu.

Skilyrði endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari eru eftirfarandi:

- a) Kaupandi vöru er með lögheimili utan Íslands samkvæmt skráningu í Þjóðskrá Íslands.
- b) Kaupandi vöru hafi hana með sér af landi brott innan þriggja mánaða frá því að kaup áttu sér stað og framvísi henni ásamt tilskildum endurgreiðslugögnum við brottför, sbr. 1. og 2. mgr. 5. gr.
- c) Kaupverð vöru, einnar eða fleiri, samkvæmt sölureikningi, með virðisaukaskatti nemi minnst kr. 6.000.
- d) Seljandi vöru sé skráður á virðisaukaskattskrá á því tímamarki þegar viðskipti eiga sér stað.

3. gr.

Heimild til að annast endurgreiðslur.

Umsókn um leyfi til að annast endurgreiðslur samkvæmt reglugerð þessari skal beint til tollstjóra. Einungis þeim sem hlotið hafa leyfi tollstjóra er heimilt að annast endurgreiðslur samkvæmt reglugerð þessari.

Endurgreiðsluaðilar skulu uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a) Umsækjandi skal vera lögaðili og ekki vera í vanskilum við ríkissjóð með greiðslu opinberra gjalda eða skatta.
- b) Stjórnarmenn lögaðilans skulu vera a.m.k. tveir. Þeir skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Þá mega stjórnarmenn ekki hafa gengist undir sátt eða hlotið dóm vegna brota á tollalögum eða hlotið dóm fyrir fíkniefnabrot. Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu sem og Færeyingar eru undanþegnir búsetuskilyrðinu enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum. Tollstjóra er heimilt að veita þeim sem eru búsettir í öðrum ríkjum sömu undanþágu.
- c) Daglegur stjórnandi endurgreiðsluaðila skal fullnægja skilyrðum b-liðar.
- d) Endurgreiðsluaðili skal sýna fram á að stjórnun, innra eftirlit, bókhald og varsla gagna vegna starfseminnar verði með traustum hætti.

Tollstjóri getur afturkallað starfsleyfi skv. 1. mgr. uppfylli leyfishafi ekki lengur skilyrði eða vanræki skyldur sínar samkvæmt reglugerð þessari.

4. gr.

Fyrirkomulag endurgreiðslna.

Tollstjóri staðfestir fyrirkomulag endurgreiðslna, þ.m.t. form endurgreiðsluávísana ef um þær er að ræða.

Í þeim gögnum sem notuð eru við framkvæmd endurgreiðslna skal a.m.k. eftirtalið koma fram:

- a) Nafn, kennitala og skráningarnúmer seljanda.
- b) Dagsetning kaupa á vöru.
- c) Vörutegund og magn.

- d) Verð vörunnar með virðisaukaskatti.
 - e) Nafn, vegabréfsnúmer og heimilisfang kaupanda.
- Seljandi skal festa greiðslukvittun sjóðsvélar við frumrit endurgreiðsluávisunar.

5. gr.

Framkvæmd endurgreiðslna.

Við brottför úr landi um alþjóðaflugvöllinn í Keflavík skal kaupandi framvísa vörum ásamt endurgreiðslugögnum, sbr. 4. gr., til endurgreiðsluaðila, sem hefur leyfi skv. 3. gr., er framkvæmir endurgreiðsluna enda séu skilyrði reglugerðar þessarar að öðru leyti uppfyllt. Endurgreiðsluaðila er óheimilt að endurgreiða virðisaukaskatt nema kaupandi sanni með fullnægjandi hætti að hann hafi fasta búsetu erlendis, sbr. a. lið 2. gr. Ef fjárhæð endurgreiðslu er hærri en kr. 5.000 skulu toll-yfírvöld staðfesta útflutninginn með þeim hætti sem þau ákveða. Ákvæði þessarar málsgreinar skulu jafnframt gilda við brottför ferðamanna frá öðrum stöðum, ef aðili sem hlotið hefur heimild skv. 3. gr. annast endurgreiðslu á virðisaukaskatti við brottför.

Við brottför annars staðar frá landinu skal vörum framvísað við tollyfírvöld sem ganga úr skugga um, og staðfesta, að skilyrði fyrir endurgreiðslu séu fyrir hendi.

Endurgreiðsla skv. 1. og 2. mgr. fer eingöngu fram við eða eftir brottför úr landi. Endurgreiða skal að lágmarki þá fjárhæð sem tilgreind er í töflum á fylgiskjali með reglugerð þessari.

6. gr.

Uppgjör endurgreiðsluaðila.

Endurgreiðsluaðili, sbr. 3. gr., skal fyrir 20. hvers mánaðar skila tollstjóra skýrslu, á því formi sem hann ákveður, vegna endurgreiðslna á tímabilinu frá 1. til 15. þess mánaðar. Jafnframt skal hann fyrir 5. dag næsta mánaðar senda tollstjóra skýrslu vegna endurgreiðslna á tímabilinu frá 16. degi til loka mánaðar. Fallist tollstjóri á skýrsluna skal endurgreiðsluaðili fá endurgreidda heildarfjárhæð þess virðisaukaskatts sem aðilar búsettir erlendis hafa greitt af keyptri vöru samkvæmt uppgjörsskýrslu.

Hafi skýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðslan greidd út innan tíu daga frá lokum skilafrests skv. 1. mgr. Berist skýrsla eftir lok skilafrests skal endurgreiðsla fara fram innan tíu daga frá því að tollstjóri samþykkti greiðslu. Geti tollstjóri, af ástæðum er varða endurgreiðsluaðila, ekki gert nauðsynlegar athuganir á uppgjörsskýrslu eða gögnum sem skýrslugjöf byggist á, framlengist framangreindur greiðslufrestur þar til úr þeim annmörkum hefur verið bætt.

Réttur til endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari fellur niður ef umsókn um endurgreiðslu berst tollstjóra eftir að sex ár eru liðin frá því að réttur til endurgreiðslu stofnaðist.

7. gr.

Ofgreiðsla til endurgreiðsluaðila.

Komi í ljós að greiðsla til endurgreiðsluaðila hafi verið of há skal tollstjóri þegar tilkynna endurgreiðsluaðila þar um. Endurgreiðsluaðila ber að endurgreiða það sem ofgreitt var eigi síðar en sjö dögum eftir dagsetningu tilkynningar tollstjóra. Um dráttarvexti vegna of hárrar greiðslu fer eftir lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

8. gr.

Varðveisla gagna.

Endurgreiðsluaðila ber að varðveita endurgreiðsluávisanir, uppgjör og önnur gögn er varða endurgreiðslu á virðisaukaskatti samkvæmt reglugerð þessari í sjö ár frá lokum viðkomandi árs. Heimilt er að varðveita gögn skv. 1. málsl. með rafrænum hætti.

9. gr.

Eftirlit.

Tollstjóri hefur eftirlit með framkvæmd endurgreiðslna samkvæmt reglugerð þessari. Endurgreiðsluaðilum er skylt að láta tollstjóra í té ókeypis og á því formi sem hann óskar eftir allar nauðsynlegar upplýsingar og gögn sem varða framkvæmd endurgreiðslna.

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. febrúar 2015. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 294/1997, um endurgreiðslu á virðisaukaskatti til aðila búsettra erlendis, með síðari breytingum.

Þau endurgreiðsluform sem staðfest voru fyrir gildistöku reglugerðarinnar halda gildi sínu til 1. júlí 2015. Sama gildir um leyfi skv. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 294/1997, sem veitt voru fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 5. gr. skal endurgreiðsluaðilum heimilt að afgreiða endurgreiðslu-umsóknir á þeim afgreiðslustöðvum innanlands sem þegar eru starfræktir til 1. júlí 2015, enda sé um að ræða endurgreiðslufjárhæð sem er lægri en kr. 5.000.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 19. desember 2014.

F. h. r.

Marianna Jónasdóttir.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Fylgiskjal.

A. Tafla vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vörum sem bera 24% virðisaukaskatt.

6.000 - 7.500	850	52.501 - 54.000	7.150
7.501 - 9.000	1.050	54.001 - 55.500	7.350
9.001 - 10.500	1.250	55.501 - 57.000	7.550
10.501 - 12.000	1.450	57.001 - 58.500	7.800
12.001 - 13.500	1.650	58.501 - 60.000	8.000
13.501 - 15.000	1.850	60.001 - 61.500	8.200
15.001 - 16.500	2.050	61.501 - 63.000	8.400
16.501 - 18.000	2.250	63.001 - 64.500	8.650
18.001 - 19.500	2.450	64.501 - 66.000	8.850
19.501 - 21.000	2.600	66.001 - 67.500	9.100
21.001 - 22.500	2.800	67.501 - 69.000	9.300
22.501 - 24.000	3.000	69.001 - 70.500	9.500
24.001 - 25.500	3.200	70.501 - 72.000	9.750
25.501 - 27.000	3.400	72.001 - 73.500	9.950
27.001 - 28.500	3.600	73.501 - 75.000	10.150
28.501 - 30.000	3.850	75.001 - 76.500	10.400
30.001 - 31.500	4.050	76.501 - 78.000	10.600
31.501 - 33.000	4.250	78.001 - 79.500	10.850
33.001 - 34.500	4.450	79.501 - 81.000	11.050
34.501 - 36.000	4.650	81.001 - 82.500	11.300
36.001 - 37.500	4.850	82.501 - 84.000	11.500
37.501 - 39.000	5.050	84.001 - 85.500	11.750
39.001 - 40.500	5.250	85.501 - 87.000	11.950
40.501 - 42.000	5.450	87.001 - 88.500	12.200
42.001 - 43.500	5.650	88.501 - 90.000	12.400
43.501 - 45.000	5.900	90.001 - 91.500	12.650
45.001 - 46.500	6.100	91.501 - 93.000	12.850
46.501 - 48.000	6.300	93.001 - 94.500	13.100
48.001 - 49.500	6.500	94.501 - 96.000	13.300
49.501 - 51.000	6.700	96.001 - 97.500	13.550
51.001 - 52.500	6.950	97.501 - 99.000	13.800

Ef sölufjárhæð fer yfir 99.000 kr. skal endurgreiða 14% af sölufjárhæð. Endurgreiðslan skal ætíð ákvörðuð í hundruðum króna.

B. Tafla vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti af vörum sem bera 11% virðisaukaskatt.

6.000	-	7.500	400	28.501	-	30.000	1.950
7.501	-	9.000	500	30.001	-	31.500	2.050
9.001	-	10.500	600	31.501	-	33.000	2.150
10.501	-	12.000	700	33.001	-	34.500	2.250
12.001	-	13.500	800	34.501	-	36.000	2.350
13.501	-	15.000	900	36.001	-	37.500	2.500
15.001	-	16.500	1.000	37.501	-	39.000	2.600
16.501	-	18.000	1.100	39.001	-	40.500	2.700
18.001	-	19.500	1.200	40.501	-	42.000	2.800
19.501	-	21.000	1.300	42.001	-	43.500	2.900
21.001	-	22.500	1.400	43.501	-	45.000	3.050
22.501	-	24.000	1.500	45.001	-	46.500	3.150
24.001	-	25.500	1.600	46.501	-	48.000	3.250
25.501	-	27.000	1.700	48.001	-	49.500	3.400
27.001	-	28.500	1.850				

Ef sölufjárhæð fer yfir 49.500 kr. skal endurgreiða 7% af sölufjárhæð. Endurgreiðslan skal ætíð ákvörðuð í hundruðum króna.